

Nr. 1. Lagt fram í Félagsdómi

\_\_\_\_\_ júlí 2019

## S T E F N A

---

forseti Félagsdóms

### GJÖRIR KUNNUGT:

**Alþýðusamband Íslands**, kt. 420169-6209, Guðrúnartúni 1, Reykjavík, vegna **Verkalýðsfélags Akraness**, kt. 680269-6889, Sunnubraut 13, Akranesi, hefur tjáð réttinum að það þurfi að höfða mál fyrir Félagsdómi á hendur **Samtökum íslenskra sveitarfélaga**, kt. 550269-4739, Borgartúni 30, 105 Reykjavík, fyrir hönd **Akraneskaupstaðar**, kt 410169-4449, Stillholti 16-18, 300 Akranesi og **Hvalfjarðarsveitar**, kt. kt. 630606-1950, Innrimel 3, 301 Akranesi, vegna túlkunar á skyldum samkvæmt kjarasamningi.

### FYRIRSVAR OG MÁLFLUTNINGSUMBOÐ

Stefnandi kveða fyrirsvarsmenn aðila vera eftirfarandi:

Fyrirvarsmaður stefnanda Alþýðusambands Íslands er forseti félagsins, Drífa Snædal, kt. 050673-4139, Bræðraborgarstíg 9, 101 Reykjavík. Fyrirvarsmaður stefnanda Verkalýðsfélags Akraness er formaður félagsins, Vilhjálmur Birgisson, kt. 050865-5339, Reynigrund 9, 300 Akranesi.

Fyrirvarsmaður stefnda, Sambands íslenskra sveitarfélaga er formaður félagsins, Aldís Hafsteinsdóttir, kt. 211264-5009, Heiðmörk 57, 810 Hveragerði.

---

Daníel Isebarn Ágústsson, lögmaður, daniel@msr.is, Málflutningsstofu Reykjavíkur, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, sími 571 5400, mun flytja mál þetta fyrir hönd stefnanda.

## DÓMKRÖFUR

Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að viðurkennt verði að starfsmenn Verkalýðsfélags Akraness hjá Akraneskaupstað og Hvalfjarðarsveit sem falla undir grein 1.4. í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Starfsgreinafélag Íslands, sem upphaflega átti að gilda frá 1. maí 2014 til 30. apríl 2015 en gilti að lokum til 31. mars 2019, og þáðu laun í desember 2018 og einnig í janúar 2019 eigi rétt á eingreiðslu sem kveðið er á um í endanlegu ákvæði 1.2 í kjarasamningnum, sbr. 5. kafla Samkomulags um breytingu og framlengingu kjarasamningsins.

Þá gerir stefnandi kröfu um greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnda.

## MÁLSATVIK

Stefnandi lýsir málsatvikum með eftirfarandi hætti:

Verkalýðsfélag Akraness er stéttarfélag sem fer með samningsumboð við gerð kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna. Innan félagsins eru meðal annars launþegar sem starfa hjá sveitarfélögnum Akraneskaupstað og Hvalfjarðarsveit.

Stefndi, Samband íslenskra sveitarfélaga, gerði kjarasamning fyrir hönd þeirra sveitarfélaga og annarra aðila sem það hefur samningsumboð fyrir við Starfsgreinafélag Íslands fyrir hönd fjölda stéttarfélaga sem gilda átti frá 1. maí 2014 til 30. apríl 2015 (dskj. 3).

Kafli 1.2 í kjarasamningnum nefndist „Eingreiðslur á samningstímanum“. Eina ákvæði kaflans var grein 1.2.1 sem var svohljóðandi: „Engar eingreiðslur eru á samningstímanum frá 1. maí 2014 til 30. apríl 2015.“

Hinn 3. febrúar 2016 var skrifað undir samkomulag um breytingu og framlengingu kjarasamnings. Með samkomulaginu var ákveðið að framlengja samninginn þannig að hann gilti frá 1. janúar til 31. mars 2019 (dskj. 4). Um leið voru gerðar ýmsar breytingar á kjarasamningnum og m.a. var þar að finna 5. kafla sem nefndist „Eingreiðslur á samningstímanum“. Eina ákvæði kaflans var svohljóðandi:

„Grein 1.2. hljóði svo: Sérstök eingreiðsla, kr. 42.500, greiðist þann 1. febrúar 2019 hverjum starfsmanni miðað við fullt starf sem er við störf í desember 2018 og er enn í starfi í janúar 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfsíma og starfshlutfall í desember“

Hinn 5. febrúar 2016 undirritaðu Akraneskaupstaður og Verkalýðsfélag Akraness samkomulag (dskj. 5). Í 1. gr. samkomulagsins kemur fram að

samningsaðilar eru sammála um að þeir starfsmenn Akraneskaupstaðar sem eru félagsmenn Verkalýðsfélags Akraness njóti sömu kjara og felast í framangreindum kjarasamningi.

---

Þegar kom að því að greiða eingreiðsluna í febrúar 2019 kom í ljós að stefndi túnkaði eingreiðslu með þeim hætti að þeir sem væru í tímavinnu ættu ekki rétt á þessari eingreiðslu.

Verkalýðsfélag Akraness telur að ákvæðið um eingreiðsluna eigi við um alla starfsmenn sveitarfélagsins. Afstaða stefnda er aftur á móti sú að greiðslan sé ekki greidd „tímavinnufólki“ (dskj.6). Ekki hefur náðst að leysa ágreininginn þrátt fyrir viðraður aðila. Stefnanda er því nauðugur einn sá kostur að höfða mál þetta fyrir Félagsdómi.

#### **MÁLSÁSTÆÐUR OG LAGARÖK**

Stefnandi lýsir málsástæðum og lagarökum sínum með eftirfarandi hætti:

#### **Málsgrundvöllur og ágreiningsefni.**

Óumdeilt er að Akraneskaupsstaður átti að greiða sérstaka eingreiðslu þann 1. febrúar 2019. Aðilar deila aftur á móti um það hvaða starfsmenn eigi að fá eingreiðsluna.

Nánar til tekið er deilt um starfsmenn sem falla undir kafla 1.4 í kjarasamningi, þ.e. fyrst og fremst þá sem eru í tímavinnu. Verkalýðsfélag Akraness telur að þeir eigi að fá eingreiðsluna en stefndi og Akraneskaupstaður telja að þessir starfsmenn eigi ekki rétt á greiðslunni. Ekki er fullkomlega ljóst hverja stefnda telur eiga rétt á greiðslunni en skilja verður afstöðu stefnda þannig að hann telji að greiðslan sé einungis fyrir starfsfólk á föstum launum.

#### **Aðild og lögvarðir hagsmunir.**

Nauðsynlegt er að leysa úr því hver réttur starfsmanna er. Málið varðar ágreining um skilning á kjarasamningi og heyrir því undir Félagsdóm samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Verkalýðsfélag Akraness er aðili að kjarasamningi starfsmanna Akraneskaupstaðar. Úrlausn um réttan skilning á kjarasamningi mun hafa áhrif á réttindi félagsmanna Verkalýðsfélags Akraness sem starfa hjá sveitarféluginu. Málareksturinn samrýmist þeim tilgangi félagsins að gæta þeirra hagsmuna sem kröfurnar byggja á.

## Réttur til eingreiðslu samkvæmt kjarasamningi.

Krafa stefnanda byggir á svohljóðandi ákvæði kjarasamnings:

„Sérstök eingreiðsla, kr. 42.500, greiðist þann 1. febrúar 2019 hverjum starfsmanni miðað við fullt starf sem er við störf í desember 2018 og er enn í starfi í janúar 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í desember.“

Samkvæmt orðanna hljóðan á ákvæðið við um alla starfsmenn sem eru í starfi á tilteknunum tíma. Verður það vart skýrara en orðalagið: „greiðist [...] hverjum starfsmanni [...] sem er við störf í desember 2018 og er enn í starfi í janúar 2019.“.

Orðalagið „miðað við fullt starf“ vísar eingöngu til þess að fjárhæðin 42.500 kr. miðist við fullt starf. Starfsmenn sem eru ekki í hlutastarfi fá þá hlutfall af þeirri greiðslu (sá sem er í 50% starfi fær 21.250 kr. o.s.frv.). Þetta kemur beinlínis fram í lokamálslið ákvæðisins.

Samkvæmt ákvæðinu er skýrt að greiðslan er ætluð öllum þeim sem störfuðu fyrir sveitarfélögin í desember 2018 og voru enn í starfi í janúar 2019.

## Engin heimild til þess að skerða fólk sem vinnur í tímavinnu.

Samkvæmt orðalagi greinar 1.2. er eingreiðslan ætluð starfsmönnum sem heyra undir kjarasamninginn. Ekkert bendir til þess að það hafi verið að afmarka hópinn sem fengi eingreiðsluna einungis við starfsmenn í „fullu starfi“. Í texta ákvæðisins er hópurinn skilgreindur og allir starfsmenn sem falla undir skilyrði ákvæðisins eiga þannig rétt á greiðslunni. Ekkert kemur fram um að greiðslan nái þrátt fyrir orðalag sitt einungis til sumra starfsmanna, sem falla undir textann, en annarra ekki. Þannig eiga allir þeir sem falla undir samninginn og eru „við störf í desember 2018 og [eru] enn í starfi í janúar 2019.“

Ákvæðið sjálft afmarkar þá starfsmenn sem eiga að fá greiðslu. Sú afmörkun beinist ekki að fastráðnum starfsmönnum einum og sér. Það þyrfти að koma skýrt fram ef ætlunin væri að einungis sá hópur fengi eingreiðsluna en ekki aðrir. Stefndi hefur ekki sýnt fram á af hverju beri að túnka orðalag ákvæðisins með þeim hætti.

Samkvæmt grein 1.4. í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Starfsgreinafélag Íslands er sérstaklega gert ráð fyrir starfsfólki í

tímavinnu. Kjarasamningurinn gerir þannig ráð fyrir þessu starfsfólki og eingreiðsla til starfsmanna samkvæmt kjarasamningnum á þannig að greiðast til slíkra starfsmanna eins og annarra.

Kjör starfsmanna sem eru í tímavinnu ráðast af kjarasamningi með sama hætti og kjör annarra starfsmanna sem heyra undir samninginn. Þegar kjarasamningur er framlengdur hefur það þannig sömu áhrif á starfsmenn í tímavinnu og aðra.

Greiðslan er til komin vegna þess að samningurinn var lengdur um þrjá mánuði og greiðslunni var ætlað að greiða fyrir þá lengingu. Forsendan fyrir greiðslunni á þannig alveg jafn mikið við um starfsmenn á tímavinnukaupi eins og fasta starfsmenn.

Sérstök rök þyrfu að vera fyrir því ef ætlunin væri að greiða eingreiðslu sem þessa einungis þeim sem eru í fullu starfi enda engin ástæða til þess að hlunnfara starfsmenn í hlutastarfi eða öðrum starfsmönnum.

**Túlkun stefnda er í andstöðu við almennar reglur og jafnræði.**  
Ákvæði í kjarasamningi verður að skýra með hliðsjón af þeim reglum sem gilda á hinum almenna vinnumarkaði. Tímavinna er í eðli sínu algerlega sambærileg öðrum störfum. Starfsfólk vinnur tiltekna vinnu og fær fyrir það laun. Grunnskyldur og -réttindi eru með sama hætti og hjá öðrum starfsfólki. Samningar geta verið bæði tímabundnir en einnig getur tímavinnufólk verið ráðið ótímabundið

Í því sambandi er rétt að geta þess að gert er ráð fyrir því í kjarasamningum og hinu umdeilda ákvæði að starfsfólk geti verið í hlutastarfi. Sjá hér t.d. til samanburðar grein 6.2.1 í kjarasamningi SA og SGS frá 1. febrúar 2014 sem gilti á sama tíma og sá kjarasamningur sem mál þetta lýtur að.

Þá má einnig geta þess að Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins undirrituðu í nóvember árið 2002 kjarasamning um hlutastörf. Meginmarkmiðið með samningnum er að afnema mismunum gagnvart starfsmönnum í hlutastarfi og stuðla að auknum gæðum slíkra starfs. Samkvæmt 3. gr. samningsins skulu starfsmenn í hlutastörfum ekki njóta hlutfallslega lakari kjara eða sæta lakari meðferð en sambærilegir starfsmenn í fullu starfi af þeim ástæðum einum að þeir eru ekki í fullu starfi nema slíkt sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna.

Um tímabundna ráðningarsamninga gilda einnig lög nr. 139/2003, um tímabundna ráðningu starfsmanna. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laganna skal starfsmaður með tímabundna ráðningu hvorki njóta hlutfallslega lakari starfskjara né sæta lakari meðferð en sambærilegur starfsmaður með

ótímabundna ráðningu, af þeirri ástæðu einni að hann er ráðinn rímbundið nema það sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna.

Um starfsmenn í hlutastörfum gilda lög nr. 10/2004. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laganna skulu starfsmenn í hlutastörfum ekki njóta hlutfallslega lakari kjara eða sæta lakari meðferð en sambærilegir starfsmenn í fullu starfi af þeirri ástæðu einni að þeir eru ekki í fullu starfi, nema slíkt sé réttlætanlegt á grundvelli hlutlægra ástæðna.

Pannig þyrfti að koma skýrt fram í hinu umdeilda ákvæði kjarasamningsins ef ætlunin væri að launþegum, sem eiga réttindi samkvæmt samningnum, væri engu að síður ætlað að fá lakari kjör en almennt gerist á hinum almenna vinnumarkaði. Þyrfti þá um leið að liggja fyrir málefnalegar ástæður fyrir slíkri skerðingu réttinda. Verkalýðsfélag Akraness hefur ekki samþykkt að félagsmenn þess sem starfa hjá Akraneskaupstað og Hvalfjarðarsveit skuli njóta lakari en almennt gerist.

Engar hlutlægar ástæður réttlæta að starfsmenn í tímavinnu skuli ekki eiga rétt til eingreiðslunnar í hlutfalli við starfs sitt. Ef það verður niðurstafaðan felst ótvírætt í því mismunun til kjarasamningsbundinna réttinda í andstöðu við ákvæði laga nr. 139/2003 og laga nr. 10/2004.

### **Sönnunarbyrði stefnda**

Ljóst er að sú túlkun sem stefndi byggir á felst ekki í orðalagi ákvæðisins. Stefndi er því að halda fram að um starfsmenn í tímavinnu eigi að gilda undantekning sem þó er hvergi kveðið á um. Undantekningarnar ber að skýra þróngt og þær eiga einungis við þegar skýrt er að skilyrði séu til staðar. Stefndi ber sönnunarbyrðina fyrir því að ætlunin hafi verið að kveða á um undantekningu og um leið skerðingu á réttindum tiltekinna starfsmanna og að slíkt skerðing hafi verið lögmæt.

Stefndi ber ábyrgð á því að lögbundin réttindi starfsmanna séu virt og er óheimilt að semja um og veita lakari kjör en koma fram í kjarasamningi, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

### **Kröfugerð**

Krafan lýtur að því að tilteknir starfsmenn sem fjallað er um í kjarasamningi fái sömu réttindi og allir aðrir starfsmenn sem heyra undir kjarasamninginn.

Krafan nær einungis til þeirra starfsmanna sem unnu fyrir sveitarfélögin í desember 2018 og í janúar 2019. Verði fallist á kröfuna fá þessir starfsmenn eingreiðslu sem greiðist hlutfallslega miðað við starfsíma og starfshlutfall hvers og eins í desember 2018.

### **Aðrar málsástæður og lagarök.**

Stefnandi kveðst auk framangreinds byggja lögum nr. 94/1986, nr. 80/1938 og nr. 55/1980. Að auki kveðst stefnandi byggja á almennum meginreglum vinnuréttar og samningaráttar.

Fyrirsvar á stoð í 4. og mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, IV. kafla laga nr. 94/1986, sbr. til hliðsjónar 45. gr. laga nr. 80/1938. Um varnarþing er vísað til 38. gr. laga nr. 80/1938.

Málskostnaðarkrafa stefnanda á sér stoð í 1. mgr. 129. gr. og 1. og 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Málsástæður og lagarök verða reifuð nánar við munnlegan málflutning.

### **ÁSKILNAÐUR**

Stefnandi kveðst áskilja sér rétt til að bera fram frekari málsástæður, mótmæli og leggja fram frekari gögn undir rekstri málsins.

### **SÖNNUNARGÖGN**

Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram gögn sem er að finna í skjalaskrá á dómskjali nr. 2. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að koma að frekari gögnum á síðari stigum.

### **SKÝRSLUGJÖF**

Stefnandi kveðst áskilja sér rétt til að leiða vitni fyrir dóminn við aðalmeðferð málsins.

### **ÁSKORUN OG FYRIRKALL**

Hér með er skorað á Aldísi Hafsteinsdóttir, kt. 211264-5009, Heiðmörk 57, 810 Hveragerði, f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, að mæta á dómpþingi Félagsdóms, sem háð verður í sal 401 í domhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, þann

kl.

er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á dómkröfur að hlýða, til saka að svara, og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins mega þeir búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er

Reykjavík, \_\_\_\_\_ 2019

---

Mér birt fyrir hönd stefnda, Samtaka sveitarfélaga, f.h. Akraneskaupstaðar, sem hefur falið mér að sækja dómping við þingfestingu málsins og taka til varna af sinni hálfu. Samrit stefnunnar hefur verið afhent mér.

Reykjavík,

---